# DEILISKIPULAG BOLLAGARÐAR - HOFGARÐAR

KYNNING 27.06.2013





SELTJARNARNES HEFUR FALIÐ BATTERÍINU ARKITEKTUM EHF VINNU VIÐ GERÐ DEILISKIPULAGS Á  REIT SEM KALLAÐUR ER BOLLAGARÐAR / HOFGARÐAR

SVÆÐIÐ ER AÐ MESTU UPPBYGGT, FORMLEGT DEILISKIPULAG LIGGUR EKKI FYRIR EN UNNIR HAFA VERIÐ ALMENNIR SKILMÁLAR FYRIR SVÆÐIÐ.

DEILISKIPULAGSSVÆÐIÐ TEKUR TIL UM 8.5  HEKTARA SVÆÐIS.

SKIPULAGSLÖG NR. 123/2010 KVEÐA Á UM AÐ
„ÞEGAR VINNA VIÐ GERÐ DEILISKIPULAGSTILLÖGU HEFST SKAL SVEITARSTJÓRN TAKA SAMAN LÝSINGU Á SKIPULAGSVERKEFNINU ÞAR SEM FRAM KEMUR HVAÐA ÁHERSLUR SVEITARSTJÓRN HAFI VIÐ DEILISKIPULAGSGERÐINA OG UPPLÝSINGAR UM FORSENDUR OG FYRIRLIGGJANDI STEFNU  OG FYRIRHUGAÐ SKIPULAGSFERLI, SVO SEM UM KYNNINGU OG SAMRÁÐ VIÐ SKIPULAGSGERÐINA GAGNVART ÍBÚUM OG ÖÐRUM HAGMSUNAAÐILUM.”

FORSENDUR DEILISKIPULAGS ER ÞESSAR AUK SKIPULAGSLÝSINGAR:

- AÐALSKIPULAG SELTJARNARNESS 2006-2024
- STAÐARDAGSKRÁ 21 FYRIR SELTJARNARNES
- GILDANDI LÖG OG REGLUR
- FORNMINJASKRÁ Á SELTJARNARNESI, REYKJAVÍK 2006
- HÚSAKÖNNUN




SKIPULAGSSVÆÐIÐ AFMARKAST AF LINDARBRAUT TIL AUSTURS, NORÐURSTRÖND TIL NORÐURS EN AÐ ÖÐRU LEITI VIÐ LÓÐARMÖRK HÚSA VIÐ BOLLAGARÐA, HOFGARÐA OG MELABRAUT 40-52.

Í AÐALSKIPULAGI SELTJARNARNESS 2006-2024 ER SVÆÐIÐ SKILGREINT SEM ÍBÚÐABYGGÐ.
NÚVERANDI BYGGÐ SAMANSTENDUR AF RAÐ- OG EINBÝLISHÚSABYGGÐ ÝMIST Á EINNI EÐA TVEIMUR HÆÐUM.

MEGINFORSENDA SKIPULAGSINS ER LÝSING Í AÐALSKIPULAGI UM UPPBYGGINGU GRÓINNA HVERFA

HÉR ER FYRST OG FREMST HORFT TIL MÖGULEIKA Á :
ÞÉTTINGU BYGGÐAR,
NÝTINGU ÓBYGGÐRA LÓÐA,
SVIGRÚM TIL STÆKKUNNAR HÚSA OG FJÖLGUN ÍBÚÐA

HVERFIÐ HEFUR AÐ MESTU BYGGST UPP Á 8. OG 9. ÁRATUG SÍÐUSTU ALDAR OG BER YFIRBRAGÐ BYGGÐARINNAR SVIPMÓT ÞESS.

ENGIN FRIÐLÝST SVÆÐI ERU Á SKIPULAGSSVÆÐINU EN Í FORNLEIFASKRÁNINGU KEMUR FRAM AÐ ÝMSAR FORNLEIFAR ERU INNAN ÞESS SEM AÐ MESTU LEYTI ERU HORFNAR UNDIR GÖTUR HÚS OG TÚN.




Í AÐALSKIPULAGI SELTJARNARNESS 2006-2024 ER DEILISKIPULAGSSVÆÐIÐ SKILGREINT SEM ÍBÚÐABYGGÐ.
Í SAMRÆMI VIÐ YFIRLÝSTA STEFNU ÞESS ERU MARKMIÐ OG LEIÐARLJÓS DEILISKIPULAGS BOLLAGARÐA / HOFGARÐA M.A EFTIRFARANDI:

- SKILGREINA BYGGINGARREITI OG BYGGINGARMAGN Á ÓBYGGÐUM LÓÐUM (1)

- SKILGREINA HEIMILDIR TIL STÆKKUNAR, SVALALOKANA, SÓLSKÁLA OG ENDURBYGGINGAR HÚSA SEM GERI HÚSEIGENDUM KLEIFT AÐ ENDURNÝJA OG BETRUMBÆTA FASTEIGNIR SÍNAR.
  ÞAR SEM REITURINN ER NÁNAST FULLBYGGÐUR ER SVIGRÚM TIL UPPBYGGINGAR MJÖG TAKMARKAÐ.

- GERA HÚSAKÖNNUN SKV. 37.GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123 22. SEPTEMBER 2010.

- BÆTA UMFERÐARÖRYGGI OG UMHVERFI ÞAR SEM ÞÖRF ER Á OG STYRKJA HEILDARYFIRBRAGÐ SVÆÐISINS.

- SKILGREINA GÖNGULEIÐIR

- SKILGREINA GRENNDARSVÆÐI

- SKILGREINA OPIN SVÆÐI




- SKIPULAGSMÖRK
- ÓBYGGÐAR LÓÐIR
- LEIKSVÆÐI / OPIN SVÆÐI
- GÖNGULEIÐIR




TÍMASETNINGAR

- JÚNÍ / JÚLÍ 2013
  KYNNING FYRIR HAGSMUNAAÐILUM / ÍBÚUM.
  SAMRÁÐ VIÐ HAFSMUNAAÐILA

- JÚLÍ / SEPTEMBER 2013
  FYRSTU DRÖG AÐ TILLÖGU TIL SKIPULAGS- OG MANNVIRKJA-NEFNDAR SELTJARNARNESSBÆJAR.
  KYNNINGARFUNDUR MEÐ HAGSMUNAAÐILUM / ÍBÚUM

- OKTÓBER 2013
  LOKADRÖG TIL SKIPULAGS- OG MANNVIRKJANEFNDAR SELTJARNAR-NESSBÆJAR

- OKTÓBER / NÓVEMBER 2013
  FULLUNNIN TILLAGA OG KYNNINGARFERLI.
  FORMLEG AUGLÝSING DEILISKIPULAGS